

---

# EUMA - NETFRÉTTIR

---

5. TBL. 9. ÁRG.

5. NÓVEMBER 2009

---

## Ráðstefnan í Ljubljana

Ráðstefnan í Ljubljana í september tókst mjög vel og var skipulag allt til fyrirmyndar. Fyrirlesarar voru góðir og gott að skilja þá. Tæplega 200 þátttakendur voru á ráðstefnunni. Formaður og gjaldkeri sóttu ráðstefnuna fyrir hönd félagsins. Þátttaka almennra félaga var dræm og fóru einungis 4 auk eins gestaþátttakanda. Aldrei þessu vant fóru stjórnarkonur ekki á aðalkvöldverðinn, okkur fannst hann of dýr, heldur fórum við út að borða með sænskum konum, auk Agnesar frá Ungverjalandi. Það var mjög skemmtilegt og kynntumst við þessum konum mikið betur, en hægt hefði verið á stórum kvöldverði.

Fundargerðir ásamt öðrum gögnum af öllum fundum frá ráðstefnunni eru komnar á heimasíðuna.

## Félagsfundir

Gunnhildur Manfredsdóttir frá Gagnavörslunni kom til okkar á fund 6. okt. og fræddi okkur um fyrirtækið. Það kom á óvart hversu víðtækt svið fyrirtækið spannar í gagnavörslu og eigendur þess ætla sér stóra hluti. Fyrirtækið er m.a. að hanna skjala- og upplýsingastýringakerfi sem á að vera mjög notendavænt. Ekkert stofngjald eða uppfærslugjald er tekið, en fastur mánaðarlegur rekstrarkostnaður er innheimtur. Kerfið hefur vinnuheimtið SaaS = Software as a service.

Þórhildur Þórhallsdóttir frá Þekkingarmiðlun kom á fundinn 3. nóvember í stað Ingridar Kuhlman. Hún flutti erindi sem hún kallaði: Með hamingjuna í lúkunum. Í erindi sínu lagði hún m.a. áherslu á hvað þakkaletti skiptir miklu máli í lífinu.

Hildur Guðbjörnsdóttir var með þátt félaga þar sem hún vitnaði í Mike Rooney, fréttamann hjá „60 minutes“. Hann á sinn skemmtilega hátt fjallar um hvað konur yfir fertugt eru dásamlegar verur. Hildur endaði sinn þátt á því að lesa jólasögu sem 8 ára drengur hafði samið. Hildur, hafðu þökk fyrir þinn þátt.

Að lokum reifaði Hulda Halldórsdóttir hugmyndir sínar varðandi EUMA. Hvað viljum við t.d. fá út úr fundum og hvað viljum við fá út úr því að vera félagar í EUMA. Í hennar huga skiptir tengslanetið og fræðsla mestu máli, td að gera okkur færari á hin ýmsu tölvuforrit.

## Greinar og viðtöl

Ingibjörg Birgisdóttir settur kynningarfulltrúi vinnur að viðtali við Kristínu Pétursdóttir, sem væntanlega mun birtast á heimasíðunni.

## Kynningar- og fræðslunefnd

Stjórn mun kalla kynningar- og fræðslunefnd til fundar þar sem farið verður í gegnum vefsíðu og kynningarmál, en stjórn hefur ákveðið að gera átak í kynningarmálum nú þegar nýr bæklingur hefur litið dagsins ljós. Einnig eru það fyrirmæli frá aðalstjórn.

## Námskeið í Helsinki

*Emotional Intelligence* er heiti á námskeiðinu sem halda á næsta vor í Helsinki. Aðalstjórn óskaði eftir tilnefningum á fyrirlesurum frá aðildarfélögum..

## Heimasíða EUMA

Stjórn hvetur félagskonur til þess að skoða heimasíðuna og einnig að uppfæra persónulegar upplýsingar í gangna-bankann. Formaður hefur sent leiðbeiningarblað til allra þar sem útskýrt er lið fyrir lið hvernig farið er inn á heimasíðuna og inn á gagnabankann.

## Jólafundur

Á fundi 3. nóvember var ákveðið að stjórn sendi út fyrirspurn til félaga um hvernig þeir vilji hafa jólafundinn. Mismunandi skoðanir eru á því með hvað hætti jólafundurinn ætti að vera og hvort við bjóðum yfirmönnum.

## Fundaaðstaða

Eins og kunnugt er hafa fundir verið haldnir undanfarið hjá Landsvirkjunar að Háaleitisbraut 68. Stjórnin heftur áhuga á að vita hvort hægt væri að fá fundaaðstöðu hjá öðrum fyrirtækjum/stofnunum. Tilbreyting er af hinu góða.

*If you don't like something change it.  
If you can't change it, change your attitude.  
Don't complain.*

*Maya Angelou*